



Norræna
ráðherranefndin

10!

**Tíu ára samstarf
gegnum Norrænanan
jafnréttissjóð**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rannsóknarnet leitar lausna fyrir Norðurslóðir	5
Norrænt-baltneskt lögreglusamstarf gegn kynbundnu ofbeldi	7
Norrænt samstarf gegn stafrænu ofbeldi	9
Nýr norrænn vettvangur sem vinnur með karlmenn og karlmennskuviðmið	11
Stuðningur við ungt fólk sem velur óhefðbundna leið í vali á starfstengdu námi	14
GenderLAB, vinnustofuaðferð í breytingaferli	16
Vitundarvakning um kynferðislega áreitni meðal ungs fólks	19
Fjölbreytileiki í fjölmiðlum; gæða- og lýðræðismál	22
Normkrítískar aðferðir í skólakerfinu	25
Upplýsingagjöf í kórónuveirufaraldrinum með tilliti til jafnréttissjónarmiða	28
nikk.no/nordiskjamstalldhetsfond	31
Um ritið	32

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:

<https://pub.norden.org/nord2023-009>

Inngangur

Þegar Norræna ráðherranefndin stofnaði norræna jafnréttissjóðinn í júní árið 2013 var markmiðið að auka við norrænt samstarf í jafnréttismálum. Síðan þá hefur sjóðurinn styrkt sjálfbóðasamtök, stofnanir, fræðimenn og samstarfsnet í 79 mismunandi verkefnum. Í þessari samantekt kynnum við reynslu okkar, innsýn og sjáanleg áhrif fyrstu 10 ára sjóðsins.

Að samstarfsverkefnum starfa samtök frá að lágmarki þremur Norðurlöndum eða frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum, með það að markmiði að auka við jafnrétti á Norðurlöndum. Verkefni geta einnig falið í sér samstarf við Eistland, Lettland og Litháen. Sjóðsverkefni hafa meðal annars leitt til lagafrumvarpa, hagnýts fræðsluefnis, ráðstefna og stefnumótana.

Hér veitum við innsýn í tíu af þessum samstarfsverkefnum, eitt verkefni fyrir hvert ár í sögu sjóðsins, og sýnir þann árangur sem þau hafa skilað til jafnréttismála. Með stuttum fréttapistlum og viðtölum deila þátttakendurnir reynslu, lærdóm og innsýn sem þeirra jafnréttisverkefni hafa veitt. Þau velta fyrir sér ávinningi norræns samstarfs og hvernig við getum tekist á við þær áskoranir sem tilgreindar eru í norrænu samstarfsáætluninni um jafnrétti kynjanna. Þau segja einnig frá hvernig best sé að taka tillit til sjónarmiða barna og ungmenna í jafnréttisstarfi og leggja sitt af mörkum til að uppfylla heimsmarkmiðin um sjálfbærni.

Með samstarfsverkefnum sem fjármögguð hafa verið með jafnréttissjóðinum eykst þekkingin á þessu sviði og hún dreifist svo þvert á Norðurlöndin. Með því að segja frá verkefnum geta þau gagnast fleirum og verið innblástur fyrir norræn samstarfsverkefni framtíðarinnar.



Norræna rannsóknarsetrið í kvenna- og kynjafræðum, sem notar skammstöfunina NIKK (s. *Nordisk information för kunskap om kön*), hefur umsjón með styrkauglýsingum, úthlutunum og eftirfylgni á verkefnum styrktum af jafnréttissjóðnum. NIKK er vistað hjá skrifstofu kynjarannsókna (s. *Nationella sekretariat för genusforskning*) sem heyrir undir Gautaborgarháskóla en stofnunin hefur frá árinu 2020 einnig haft umsjón með norræna LGBTI^[1] sjóðnum.

"Jafnrétti er eitt þeirra grunngilda sem Norðurlönd sameinast um. Það er mjög mikilvægt að við styðjum við félagasamtök og fræðafólk sem vinnur að auknu jafnrétti. Ég efast ekki um að þau verkefni og þær rannsóknir sem sjóðurinn styður við muni koma til með að hjálpa stjórnvöldum okkar að móta stefnur um jafnréttismál og stuðla að auknu jafnrétti í samfélögum okkar."

– Katrín Jakobsdóttir, Islannin þááministeri

1. LGBTI er stytting á heitunum *Lesbian, Gay, Bisexual, Transgender och Intersex*. Styttingin er notuð í norrænu, og mörgu alþjóðlegu, samhengi.

KEY FIGURES



79

PROJECTS




347

ORGANISATIONS



Rannsóknarnet leitar lausna fyrir Norðurslóðir



FINLAND, SVÍPJÓÐ, NOREGUR, RÚSSLAND

Norræna rannsóknarnetið Arctic Change Network rannsakar breytingar á norðurslóðum út frá kynjasjónarmiðum. Markmiðið er að efla samstarf vísindamanna við mismunandi háskóla og auka við þekkingu á þeim áskorunum sem eru til staðar á svæðinu.

Fræðimönnum við þrjá mismunandi háskóla var árið 2013 úthlutað styrk frá Norræna jafnréttissjóðnum til að stofna umrætt rannsóknarnet í tengslum við tveggja ára verkefnið „Kynjasjónarmið og loftslag á norðurslóðum“. Á meðan á verkefninu stóð voru skipulagðir fundir á vegum rannsóknarnetsins þar sem fræðimenn frá ýmsum háskólum komu saman. Rannsóknarhópurinn safnaði einnig efni fyrir stærra rannsóknarverkefni um öldrun á norðurslóðum. Shahnaj Begun, fræðimaður við Lapplandsháskóla (Lapplands universitet), vann doktorsverkefni um þetta rannsóknarverkefni en hún hefur verið hluti af rannsóknarnetinu frá upphafi. Hún segir norðurslóðir standa frammi fyrir miklum þjóðfélagslegum áskorunum sem stafa af því að margt ungt fólk, og sérstaklega margar ungar konur, flytja af svæðinu.

- Að ungt fólk flytji í burtu felur í sér að það skortir fólk sem getur sinnt því aldraða fólki sem situr eftir. Þetta er vandamál sem við þurfum að ræða og við ættum að geta unnið að sameiginlegum lausnum fyrir Norðurlönd, segir hún.

Lofslagsbreytingarnar séðar með kynjagleraugum

Shahnaj Begun talar um loftslagsbreytingar sem aðra stóra áskorun fyrir norðurslóðir og staðhæfir að loftslagsbreytingar og þjóðfélagslegar áskoranir tengist að hluta til.

- Loftslagsbreytingar gera tilveruna ótryggari og þær stuðla því miður að því að margt ungt fólk trúir ekki á framtíð hér, segir hún.

Hún telur mikilvægt að greina áhrif loftslagsbreytinga út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

- Vegna loftslagsbreytinga er til dæmis erfiðara fyrir Sama að stunda hreindýrabúskap vegna þess að hreindýrin eiga erfiðara með að finna æti. Þetta bitnar fyrst og fremst á karlmönnum vegna þess að það er algengara að karlmenn sjái um hreindýrabúskapinn, en þetta bitnar líka á konum að því leiti að erfiðara verður að ná endum saman og hefðbundnari lifnaðarháttum er ógnað.

Rannsóknarnet sem stækkar

Shahnaj Begun segir að þetta kynjarannsóknarnet norðurslóða hafi opnað margar dyr undanfarin ár, sem bæði hafi leitt til nýs samstarfs en einnig nýrra rannsóknarverkefna.

Í upphafi samanstóð tengslanetið af vísindamönnum frá háskólanum í Lapplandi í Finnlandi, háskólanum í Umeå í Svíþjóð og háskólanum í Tromsø í Noregi. Undanfarin tíu ár hefur hópurinn stækkað og nú hafa til dæmis bæst við fræðimenn frá Háskóla Íslands og Manitoba háskólanum í Kanada.

- Rannsóknarnetið hefur auðveldað gert okkur kynjafræðingum sem stundum rannsóknir á eða um norðurslóðir auðveldara fyrir að þekkja til fræðimanna sem hægt skiptast á hugmyndum með eða eiga í samstarfi við og þetta er ákaflega dýrmætt.

Kynjasjónarmið og loftslag á Norðurslóðum

Úthlutunarár: 2013


Ämne: Jämställdhets- och välfärdspolitik

Styrkúthlutun: 150 000 DKK

Samstarfsaðilar:

- Unit for Gender Studies, Lapplands universitet (SE)
- Umeå universitet (SE)
- Tromsø universitet (NO)
- Northern (Arctic) Federal University NArFU (RU)

Norrænt-baltneskt lögreglusamstarf gegn kynbundnu ofbeldi



DANMÖRK, EISTLAND, FINNLAND, ÍSLAND, LETTLAND, NOREGUR

Meginmarkmið verkefnisins „Kynbundið ofbeldi á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum“ var að auka vitund fólks um ofbeldi karla. Verkefnið var fjármagnað af Norræna jafnréttissjóðnum og stóð yfir á árunum 2014-2015. Því var stýrt af Nordic-Baltic Network of Policewomen (NBNP), sem er samstarfsnet kvenna sem starfa hjá lögreglustofnunum á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum.

- Við vildum vekja athygli á þessum málum og auka við þekkingu innan lögreglunnar í viðkomandi löndum, sérstaklega þegar kemur að mansali, segir Inese Voloseviča.

Hún starfar sem lögreglustjóri í lettnesku lögreglunni og er stjórnarmaður í NBNP. Hún stýrði samstarfsnetinu árið 2015 þegar verkefninu um kynbundið ofbeldi var hrint í framkvæmd.

Innan ramma verkefnisins var haldin norræn-baltnesk ráðstefna í Ríga haustið 2015. Meðal þátttakenda voru lögreglumenn, ákvörðunarvaldhafar og fulltrúar frá ýmsum samtökum almennings.

- Þetta var mjög vel heppnað og við héldum margar góðar vinnustofur og fengum góða fyrirlesara. Forseti Lettlands, Vaira Vīķe-Freiberga, var meðal þátttakenda og hélt ræðu um mansal og jafnrétti kynjanna. Okkur fannst við hreyfa við fólki, segir Inese Voloseviča.

Mikill alþjóðlegur áhugi

Innan ramma verkefnisins skipulagði NBNP einnig tvo dagskrárliði á ársfundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) árið 2015. Fundurinn fer fram í New York og þar koma saman þúsundir þátttakenda hvaðanæva að úr heiminum.

- 350 manns komu til hlusta á erindi um norræn-baltneska samstarfsnetið okkar. Okkur kom þessi mikla þátttaka og áhugi á starfsemi okkar á óvart, segir Inese Voloseviča.

Hún segi að mikill alþjóðlegur áhugi sé á því hvernig lögreglan á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjum vinni gegn kynbundnu ofbeldi.

- Þetta er ekki bara vandamál hér, þetta er alþjóðlegt vandamál, segir hún.

Hún telur það mikilvægt að læra hvert af öðru á alþjóðlegum vettvangi í starfi gegn kynbundnu ofbeldi og hún sér sérstaklega sterk rök fyrir því að starfa saman innan Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna. Þetta á ekki síst við í starfi gegn mansali þar sem glæpirnir eiga sér oft stað þvert yfir landamæri.

- Verandi nágrannar er afar mikilvægt að við eigum gott samstarf í þessum málum og að við vinnum á sömu línu, segir hún.

Kynbundið ofbeldi á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjum

Úthlutunarár: 2014


Efnisflokkur: Kynbundið ofbeldi

Styrkúthlutun: 300 000 DKK

Samstarfsaðilar:

- Nordic-Baltic Network of Policewomen (NBNP) (IS)
- Danish National Police (DK),
- Police and Border Guard Estonia (EE)
- Finnish National Police (FI)
- State Police of Latvia (LV)
- Ministry of Interior, Immunity (LV)
- National Criminal Investigation Service NCIS (Kripas) (NO)

Norrænt samstarf gegn stafrænu ofbeldi



ÍSLAND, DANMÖRK, NOREGUR

Athugasemdir sem fela í sér kynjafordóma. Hótanir. Nektarmyndum sem er dreift án samþykkis. Netofbeldi er vaxandi vandamál og innan Kvenréttindafélags Íslands áttaði maður sig snemma á kostunum við það að takast á við málið í sameiningu á Norðurlöndum. Árið 2015 var samtökunum úthlutað styrk til verkefnis sem unnið var í samstarfi við dönsku samtökin Kvinderådet og norsku samtökin Ligestillingscenteret KUN.

- Við vildum leggja áherslu á að skoða hvaða leiðir standa konum til boða sem leita réttar síns og sækja réttarbætur í löndunum okkar, segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri sem starfar nú sem sérlegur ráðgjafi hjá Kvenréttindafélagi Íslands.

Ísland skar sig úr

Innan ramma verkefnisins unnu samtökin þrjú skýrsluna „Preventing online gender-based violence in the Nordics“ sem kom út árið 2017. Skýrslan byggir meðal annars á viðtölum við konur í viðvæmri stöðu í Noregi og Danmörku. Í skýrslunni lýsa konurnar reynslu sinni af samskiptum við lögreglu og dómstóla. Hins vegar gekk þeim ekki að vekja athygli á málum frá Íslandi, segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

- Okkur reyndist erfitt að finna viðmælendur, ekki vegna þess að konur á Íslandi séu síður í viðkvæmri stöðu heldur vegna þess að þær sáu engan tilgang í því að segja frá. Eins og íslensk lög lágu fyrir voru litlar líkur á að reka mál þeirra löglega.

Stafræns kynferðisofbeldis var ekki getið í íslenskum lögum og mjög fáir gerendur höfðu verið sóttir til saka. Konur slepptu því líka að tilkynna vegna þess að þær treystu ekki lögreglunni til að taka mál þeirra alvarlega, bætir hún við.

Settu málið á dagskrá stjórnmalanna

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir telur að þetta norræna verkefni hafi stuðlað að því að stafrænt kynferðisofbeldi komst á dagskrá stjórnmalanna, og sérstaklega á Íslandi.

- Við sáum að málin voru farin að fá meiri athygli í Noregi og Danmörku. Ég tel að það að Ísland hafi ekki staðið vel í þeim samanburði hafi sett pressu á okkar yfirvöld, segir hún.

Frá því að verkefninu var hrint í framkvæmd hefur Ísland sett ný lög sem einfalda fólki að kæra þegar einhver dreifir kynferðislegum myndum án samþykkis viðkomandi. Lögin voru sett árið 2021 og samkvæmt þeim er bæði ólöglegt að dreifa myndum og að hóta dreifingu.

- Ég er ekki að halda því fram að nýju lögin hafi verið sett vegna verkefnisins okkar, en ég tel að verkefnið hafi stuðlað að umræðu og auknum skilningi á því að þetta sé ofbeldi, segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Stafrænt ofbeldi gegn konum á Norðurlöndum

Fjármagnað af: Norræna jafnréttissjóðnum

Úthlugarár: 2015


Efnisflokkur: Kynbundið ofbeldi

Styrkúthlutun: 280 000 DKK

Samstarfsaðilar:

- Kvenréttindafélag Íslands (IS)
- Kvinderådet (DK)
- KUN – senter for kunnskap og likestilling (NO)

Nýr norrænn vettvangur sem vinnur með karlmenn og karlmennskuviðmið



NOREGUR, DANMÖRK, ÍSLAND, SVÍPJÓÐ, FINNLAND, BANDARÍKIN

Veturinn 2017 var haldin norræn MenEngage ráðstefna í fyrsta sinn. MenEngage er alþjóðleg hreyfing sem vill skora skaðleg karlmennskuviðmið á hólum og virkja karla í jafnréttisstarfi. Norræna ráðstefnan, sem hlaut styrk frá Norræna jafnréttissjóðnum, var haldin í Ósló undir slagorðinu „Making the Invisible Visible: Transforming Social Norms among Boys & Men for Gender Justice in Practice“.

Á ráðstefnunni var fjallað um norrænar aðstæður og áskoranir og þar komu saman samtök frá öllum Norðurlöndunum. Forgöngumaður ráðstefnunnar var Norwegian Reform. Formaður þeirra, Ole Bredesen Nordfjell, segir að eftir að hafa tekið þátt í nokkrum alþjóðlegum ráðstefnum um karla og jafnrétti kynjanna hafi hann séð þörf á að hittast og ræða þessi mál í norrænu samhengi. Hann telur að jafnréttissamtök á Norðurlöndum geti haft mikið gagn af slíku samstarfi.

- Auðvitað getum við lært mikið af samtökum frá öðrum löndum líka, í Evrópu og heiminum, en það er auðveldara að skiptast á reynslu og skapa sameiginlegar herferðir innan Norðurlanda vegna þess að samfélög okkar eru svipuð. Við erum til dæmis með svipað velferðarkerfi og skólakerfi. Við á Norðurlöndunum byrjuðum líka fyrr en margir aðrir að virkja karla í jafnréttisstarfi, til dæmis með því að taka upp fæðingarorlofsmánuði sem eru eyrnamerkir feðrum, segir hann.

Braut blað

Um 100 manns tóku þátt í ráðstefnunni sem fjallaði um sameiginlegar áskoranir og dæmi til að læra af. Samtök frá nokkrum mismunandi löndum, bæði norræn og annars staðar frá, kynntu starfsemi sína. Á málstofunum var fjallað um efni eins og ofbeldi karla, reynslu karla með innflytjendabakgrunn og fjarveru karla í umönnunarstörfum.

Ole Bredesen Nordfjell telur að ráðstefnan hafi brotið blað á nokkra vegu, til dæmis með vinnuaðferðinni sjálfri. Markmiðið var að skapa vettvang þar sem þátttakendur gætu lært hver af öðrum og fundið lausnir í sameiningu en þetta var það sem einkenndi allt fyrirkomulagið.

- Þátttakendurnir mættu ekki að dekkjuðu borði heldur lögðu allir eitthvað efnislega af mörkum. Ég held að þetta hafi tekist vel, segir hann.

Hann bendir einnig á skurðpunkti ráðstefnunnar.

- Okkur fannst mikilvægt að skapa rými fyrir ólíka reynslu og sjónarhorn og ég held að þetta hafi tekist, segir hann.

Dýpra samstarf á Norðurlöndum

Ole Bredesen Nordfjell álítur að þökk sé hinum ólíku sjónarmiðum hafi ráðstefnan varpað ljósi á ný málefni og veitt norrænum jafnréttissamtökum sem leggja áherslu á karlmenn og karlmennsku nýjan drifkraft. Auk þess telur hann að ráðstefnuna hafa leitt til dýpri samvinnu stofnana í ólíkum löndum og telur að fyrirkomulagið hafi styrkt bæði samtök og einstaklinga.

- Jafnréttisstarf getur stundum verið einmanalegt og þá sérstaklega fyrir þau okkar sem vinnum gegn körlum í okkar femíniska starfi. Á ráðstefnunni kom í ljós að við erum mörg sem vinnum að sama markmiði, segir hann.

Norræn MenEngage ráðstefna – að varpa ljósi á hið ósýnilega

Úthlutunarár: 2016

Efnisflokkur: Karlmennska

Styrkúthlutun: 400 000 DKK

Samstarfsaðilar:

- Reform – ressurscenter for menn (Reform – Resource Centre for Men) (NO)
- Forening for Fælles Ligestilling (The association gender equality for all) (DK)
- Jafnréttisstofa (Centre for gender equality) (IS)
- Män för Jämställdhet (Men for gender equality) (SE)
- Men Engage Alliance – global secretariat (US), Poikien Talo (Boy's House) (FI)
- Profeministimiehet (Profeminist men) (FI)




41
SEMINARS



32
PUBLICATIONS



Stuðningur við ungt fólk sem velur óhefðbundna leið í vali á starfstengdu námi



NOREGUR, ÍSLAND, ÁLAND, FINNLAND, SVÍÐJÓÐ

Mikið er lagt upp úr því að hvetja ungt fólk til að þora að brjóta hefðbundin kynjaviðmið í vali sínu á námi, en hvernig er best að styðja við nemendur þegar þeir hafa gert upp hug sinn? Þetta var í brennidepli verkefnisins „Jafnrétti í starfstengdu námi á Norðurlöndum“ sem Norræni jafnréttissjóðurinn fjármagnaði árið 2018.

- Það er ekki nóg að tala um að við viljum fleiri karlmenn inn í skólana eða að fara af stað með verkefni sem á að vekja áhuga stúlkna á tækni. Ef nemendum líður svo ekki vel á vinnustað þá halda þeir ekki áfram á þeim vettvangi, segir Gunilla Rooke, menntaráðgjafi hjá sænska menntamálaráðinu og einn af umsjónarmönnum verkefnisins.

Verkefnið var samstarfsverkefni aðila í Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og á Álandseyjum. Markmiðið var að fá mynd af því hvaða stuðning nemendur fá í vinnustaðanáminu, þ.e.a.s. starfsþjálfuninni, og hverjar þarfir leiðbeinenda og starfsfólks skólans eru, en þau bera ábyrgð á því að veita nemendum stuðning.

“Nemendurnir fá áfall”

Gunilla Rooke tekur fram að margir vinnustaðir einkennist af úreltum viðmiðum og að margir nemendur fá áfall við sín fyrstu kynni af atvinnulífinu.

- Þetta eru til dæmis stúlkur sem koma á byggingarsvæði þar sem ekki eru búningasklefar fyrir þær, eða þar sem búningasklefarnir eru fullir af myndum af nöktum stelpum. Þetta eru strákar sem eru að hefja störf við umönnun eða í leikskóla en mæta menningu sem gerir þá tortryggilega eða lokar þá úti.

Öll Norðurlöndin sem tóku þátt í verkefninu standa frammi fyrir svipuðum áskorunum, staðhæfir hún.

- Í gegnum tíðina hefur mjög lítið verið talað um kerfislæg vandamál sem skapa hindranir í menntun og atvinnulífi. Ég er hissa á þessu, segir hún.

Gunilla Rooke telur að verkefni þeirra hafi stuðlað að því að fleiri hafi áttað sig á þeim jafnréttisáskorunum sem eru til staðar í tengslum við starfstengt nám. Hún álítur einnig að verkefnið hafi styrkt tengslin milli þeirra samtaka sem tóku þátt og rutt brautina fyrir áframhaldandi samstarf.

- Norðurlöndin búa við svipað menntakerfi, þannig að við höfum góð tækifæri til að styðja hvert við annað og vera samferða fram á veginn, segir hún.

Norræn ráðstefna í Stokkhólmi

Á meðan á starfsnámsverkefninu stóð var meðal annars skipulögð norræn ráðstefna í Stokkhólmi með þátttakendum frá bæði skólum og ýmsum fyrirtækjasamtökum. Í kjölfar verkefnisins hefur einnig verið unnið að nýjum fræðsluátökum sem hafa það að markmiði að efla jafnréttishæfni þeirra sem hafa það hlutverk að styðja við nemendur í starfsnámi. Þar með telur Gunilla Rooke að þeir sem hafa það hlutverk að leiðbeina nemendum út á vinnustað séu orðnir betur í stakk búnir til þess.

- Verkefnið hjálpaði okkur að sjá hvers konar aðgerðir við þurfum að fara í tengslum við vinnustaðanám, segir hún.

Hún áttar sig á að mikið verk sé óunnið þegar kemur að því að bæta stuðning við nemendur sem velja nám sem fellur utan normsins.

- Ef við höfum vilja til þess að sinna þessum nemendum verðum við að verða betri í að styðja við þá þannig að þeir öðlist styrk til að fylgja eftir vali sínu. Þetta er áskorun bæði fyrir atvinnugreinar og skóla, segir hún.

Jafnrétti í starfstengdu námi á Norðurlöndum

Útlutunarár: 2017


Efnisflokkur: Athafnalíf og atvinnumarkaður, fræðsla

Styrkúthlutun: 400 000 DKK

Samstarfsaðilar:

- Akershus fylkeskommune (NO), IÐAN (IS)
- Ålands Yrkesgymnasium (AX)
- Yrkesakademin (FI)
- Utbildningsstyrelsen (FI)
- Skolverket (SE)

GenderLAB, vinnustofuaðferð í breytingaferli



DANMÖRK, FINNLAND, SVÍPJÓÐ

Í jafnréttisstarfi eru ekki til neinar algildar lausnir sem virka í öllum aðstæðum. Því getur verið erfitt að ráðleggja um hvernig skuli áfram haldið í breytingaferli. Þetta er staðreynd sem leikarar frá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð unnu með er þeir þróuðu GenderLAB vinnustofuaðferðina.

Aðferðin var þróuð á árunum 2018-2019 í verkefninu „Samfélagsskapað kynjajafnrétti, frá kennslustofu til stofnana: Nýsköpun í norrænni velferð“. Á meðan verkefninu stóð voru haldnar vinnustofur til reynslu í Kaupmannahöfn, Helsinki og Stokkhólmi.

Samkvæmt aðferðarinni eiga smiðjurnar að byggja á eigin reynslu þátttakenda og þeim staðbundnu áskorunum sem eru til staðar.

- Þátttakendum gefst færi á að greina vandamálin sjálfir og leggja til lausnir, segir Sara Louise Muhr, prófessor við Copenhagen Business School.

Hún útskýrir að GenderLAB aðferðin byggi á blöndu af normkítík og „Design Thinking“.

Normkítík snýst um að gera sýnileg og breyta ríkjandi viðmiðum og strúktúrum í samfélaginu. „Design Thinking“ er svo aðferð sem hönnuðir nota oft til að finna skapandi lausnir á flóknum vandamálum.

- Við sáum að þessar aðferðir virkuðu mjög vel saman, segir Sara Louise Muhr.

Finna lausnir í sameiningu

Í GenderLAB vinnustofu er markmiðið að þátttakendur öðlist þekkingu á jafnréttisáskorunum í sinni stofnun og að þeir öðlist áhuga á að standa að breytingum.

Þátttakendurnir fá með sér samansafn lausna í smiðjunni sem þeir sjálfir tóku þátt í að smíða.

- Þetta ættu að vera áþreifanlegar tillögur sem þátttakendurnir geta tekið með sér heim og hrint í framkvæmd strax daginn eftir, segir Sara Louise Muhr.

Hún útskýrir að smiðjurnar séu byggðar upp með fjölbreytilegum atriðum og æfingum.

- Til að losna úr fjötrum vanans og ná að hugsa út fyrir rammann er til dæmis hægt að fara í frjálst hugarflug og upphugsa eins margar lausnir og þú getur á fjórum mínútum, segir hún.

Árangursríkt samstarf

GenderLAB aðferðin var þróuð af Copenhagen Business School og KVINFO (miðstöð Danmerkur fyrir kynja- og jafnréttismál) í samvinnu við Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi og Rannsóknastofnunina GODESS við Hanken School of Economics í Helsinki. Sara Louise Muhr lýsir því svo að hið norrænu samstarf hafi verið árangursríkt.

- Við leggjum til mismunandi sjónarhorn og getum séð hluti hjá hvoru öðru sem við hefðum annars ekki tekið eftir. Á sama tíma erum við ekki heldur mjög ólík. Við getum lært hvert af öðru og deilum þeirri trú að mikilvægt sé að ögra viðmiðum og valdastrúktúr, segir hún.

GenderLAB aðferðin er meðal annars dreift í gegnum vefsíður KVINFO og Copenhagen Business School. Það útskýrir hvernig hægt er að innleiða GenderLAB.

- Þú velur sjálf hversu mikið efni vinnustofan á að fjalla um. Það er hægt að gera GenderLAB í litlum eða stórum stíl, með umræðustjórum sem sjá til þess að allt takist vel til, segir Sara Louise Muhr.

Hún segir að vinnustofuaferðin geti nýst vel til að vinna með fleira en kyn og kyngervi.

- Árið 2019 héldum við QueerLAB á Copenhagen Pride til dæmis.

Samfélagsskapað kynjajafnrétti, frá kennslustofu til stofnana: Nýsköpun í norrænni velferð

Úthlutunarár: 2018


Efnisflokkur: Jafnréttis- og velferðarstjórnsmál

Styrkúthlutun: 310 000 DDK

Samstarfsaðilar:

- Copenhagen Business School, (DK)
- Hanken School of Economics, (FI)
- KTH Royal Institute of Technology (SE)

Vitundarvakning um kynferðislega áreitni meðal ungs fólks



SVÍÐJÓÐ, FINNLAND, LETTLAND, ÍSLAND

Í kjölfar Metoo hreyfingarinnar tóku fulltrúar ýmissa norrænna barnaréttindasamtaka eftir að þörf væri á meiri þekkingu á því hvernig kynferðisleg áreitni getur virkað sem ein gerð eineltis.

- Norðurlöndin eru leiðandi í heiminum í því að koma í veg fyrir einelti, en við sáum að meira þyrfti að gera varðandi kynferðislegri áreitni. Við áttuðum okkur á að við þyrftum að tengja saman aðgerðarsvið eineltismála og mála sem snúa að kynferðislegri áreitni, segir Ása Gustavsson, sérfræðingur hjá sænsku samtökunum Friends.

Hún var sænskur umsjónarmaður norræn-baltneska verkefnisins „Þekking byggð á rannsóknum um aðferðir gegn kynferðislegri áreitni og einelti meðal barna og ungmenna“. Verkefnið hlaut styrk frá Norræna jafnréttissjóðnum árið 2019 og leiddi af sér skýrslu og ráðstefnu þar sem aðilar sem vinna gegn einelti komu saman.

Barnaréttindasamtök frá Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og Litháen tóku þátt í verkefninu.

Betri stuðningur við börn í viðkvæmri stöðu

Með því erfiðasta í starfinu við að styðja við og hjálpa börnum og ungmennum sem hafa orðið fyrir einelti er skömmin sem margir þolendur upplifa. Skömmin leiðir til þess að börnin hika við að segja frá því sem þau hafa gengið í gegnum og þetta á líklega sérstaklega mikið við um börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, telur Ása Gustavsson.

Hún vill meina að verkefnið þeirra hafi meðal annars aukið þekkingu á því hvernig sé hægt að auðvelda börnum og ungmennum að byrja að tala um varnarleysi sitt.

-Ef við spyrjum börnin hvort þau hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni þá svara þau oft nei, en ef við spyrjum sérstaklega um ákveðnar athafnir eða hvort einhver hafi gert þeim eitthvað án þess að þau hafi gefið samþykki, þá koma sögurnar, segir hún.

Halda áfram að deila hugmyndum

Eftir á að hyggja sér Ása Gustavsson að norræn-baltneska verkefnið hefur ekki aðeins lagt til nýja þekkingu í starfið gegn kynferðislegri áreitni. Önnur mikilvæg hliðarafleiðing telur hún hafa verið að verkefnið leiddi til dýpri samskipta milli barnaréttindasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.

- Í verkefninu fengum við tækifæri til að deila aðferðum og vinnubrögðum og við höfum haldið áfram að deila hugmyndum okkar á milli eftir verkefnið, segir hún.

Á meðan á verkefninu stóð var stofnað tengslanet með fulltrúum frá þátttökusamtökunum og þau hafa haldið áfram að hittast reglulega.

- Það er virkilega dýrmætt að geta lært hvort af öðru. Með því að starfa saman öðlumst við líka sterkari rödd. Það getur vonandi hjálpað okkur þegar við tölum fyrir breytingum í stefnumótun, segir Ása Gustavsson.

Í áframhaldandi starfi gegn einelti og kynferðislegri áreitni í skólanum segir hún að sérstaklega þurfi að huga að því að varpa ljósi á viðkvæma stöðu ungs hinsegin fólks.

- Við sjáum að ungt hinsegin fólk er í sérstakri áhættu og þau verða fyrir ýmiss konar ofbeldi.

Þekking byggð á rannsóknum um aðferðir gegn kynferðislegri áreitni og einelti meðal barna og ungmenna

Úthlutunarár: 2019

Efnisflokkur: Börn og ungmenni, kynferðisleg áreitni


Beviljade medel: 296 640 DKK

Samstarfsaðilar:

- Stiftelsen Friends (SE)
- Folkhälsan (FI)
- Mannerheim League (FI)
- Child Line/Vaiku Linija (LT)
- Heimili og skóli (IS)

24

NETWORKS



25.5


**MIO DKK
FURTHER FUNDING**

79

PROJECTS



Fjölbreytileiki í fjölmiðlum; gæða- og lýðræðismál



DANMÖRK, ÍSLAND, SVÍÞJÓÐ, NOREGUR

Jafnara kynjahlutfall í heimi fjölmiðla er markmið verkefnisins „Ný norræn fyrirmynd að auknum jöfnuði í norrænum fjölmiðlageira“ sem hlaut styrk frá norræna jafnréttissjóðnum árið 2020. Á þriggja ára tímabili verður góðum fordæmum og tillögum að nýjum stjórnarháttum og vinnubrögðum safnað saman. Í verkefninu eru bæði verkalýðsfélög, háskólar sem bjóða upp á nám í blaða- og fréttamennsku og fjölmiðlar í Danmörku, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi virkjuð.

- Í verkefninu höfum við safnað saman og deilt góðum hugmyndum um hvernig við getum tekist á við þær áskoranir sem fréttastofur um öll Norðurlönd standa frammi fyrir, segir Marion Hannerup, sem leiðir verkefnið ásamt Gitte Rabøl.

Þær hafa báðar víðtæka reynslu sem yfirstjórnendur í fjölmiðla- og almannatengslageiranum og báðar starfa þær nú sem sjálfstæðir ráðgjafar.

Yfirgnæfandi meirihluti karlmannna – lýðræðisvandamál

Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á og gagnrýna hinn yfirgnæfandi meirihluta karlmannna sem er til staðar bæði í sjálfu fréttavefninu og inni í fréttastofnunum Norðurlanda. Það að konur fái ekki sama rými og karlar er lýðræðislegt vandamál, segja Marion Hannerup og Gitte Rabøl.

- Þetta snýst um það hver fær að tjá sig og á hvaða hátt, og þetta snýst líka um hver það er sem ber mesta ábyrgð. Það verður að vera meira kynjajafnvægi á milli karlkyns og kvenkyns sérfræðiálitsgjafa og sama má segja um kynjajafnvægið á stjórnendaskrifstofunum, segir Gitte Rabøl.

Hún vill meina að fjölmiðlageirinn einkennist af gömlum hugsunarhætti og hefðum þar sem aðallega karlmenn voru taldir hafa hæfileika til að bera og þar sem karlmenn, meðvitað eða ómeðvitað, passa upp á hvorn annan. Auk þess hefur löngum verið óljóst hvaða leið sé best að fara til að skapa sér starfsframa innan fjölmiðlageirans en allt þetta hefur gert konum torvelt fyrir að komast í æðstu stöður geirans.

Sum lönd standa frammar

Gitte Rabøl og Marion Hannerup taka eftir að fjölmiðlageirinn á Norðurlöndum er kominn mislangt í því að varpa ljósi á og og gagnrýna umræddan kynjahalla.

- Það er í raun fyrst núna sem það veur viðbrögð í Danmörku ef pallborðsumræður í sjónvarpsþáttum samanstanda einungis af karlkyns þátttakendum. Annarsstaðar á Norðurlöndum hefur þess konar umræða átt sér stað um langt skeið, segir Gitte Rabøl.

Hún vonast til að vinnuáferðin sem þau munu þróa í verkefninu komi til með að nýtast ýmsum aðilum í fjölmiðlageiranum og að verkefninu takist að vera hvatning með því að benda á góð fordæmi.

- Í Háskóla Íslands eru þeir til dæmis með viku fjölbreytileikans á hverju ári. Kannski væri hægt að gera eitthvað svipað á námsleiðum í blaða- og fréttamennsku annars staðar á Norðurlöndunum, segir Marion Hannerup.

Hún er sannfærð um að fjölmiðlafólk á Norðurlöndum geti lært mikið hvort af öðru og telur að norrænt samstarf geti hraðað breytingum í jafnréttisstarfi.

- Við höfum þessa samheldni hér á Norðurlöndum og við erum forvitin að heyra hvernig önnur Norðurlönd vinna hlutina. Á sama tíma finnst okkur gaman að bera okkur saman við hvort annað og enginn vill koma verst út. Við keppumst við að vera best í öllu og þetta keppnisskap rekur okkur fram á veginn, segir hún.

Fjölbreytni eykur gæðin

Marion Hannerup lítur svo á að baráttan í átt að kynjajafnvægi snúist bæði um réttlæti og gæði í fréttamennsku.

- Við erum sannfærð um að fjölbreytni auki bæði gæði í blaðamennsku og að hún bæti lýðræðislega umræðu. Við höfum ekki efni á því að sleppa því að forgangsraða þessum málum, segir hún.

Ný norræn fyrirmynd að auknu jafnrétti í norrænum fjölmiðlageira

Úthlutunarár: 2020 í gegnum styrkauglýsingu sem var hluti af sameiginlegu átaki Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi rannsóknir um kynferðislega áreitni á vinnumarkaði

Efnisflokkur: Athafnalíf og atvinnumarkaður, kynjaskiptur atvinnumarkaður

Styrkúthlutun: 1 600 000 DKK


Samstarfsaðilar:

- Danmarks Medie- og Journalisthøjskole (DK)
- Háskólinn á Bifröst (IS)
- Svenska Journalistförbundet (SE)
- Kvinno (DK)
- Dansk journalistforbund (DK)
- Mediebedrifterne (NO)

Tengdir samstarfsaðilar:

- Dagbladet Børsen (DK)
- Chef (SE)

Normkrítískar aðferðir í skólakerfinu



NOREGUR, FINNLAND, SVÍÐJÓÐ, ÁLAND

Nemendur sem lenda fyrir utan normið eru sérstaklega viðkvæmir fyrir einelti, áreitni og mismunun. Nemendaráð gætu mögulega verið leiðandi í því að skapa skólaumhverfi sem er öllum opið og býður öll velkomin. Þetta er útgangspunktur verkefnisins „Öruggir skólar – norræn aðferð í nemendaaðild og normkrítík“.

- Kannanir sýna að varnarleysið í skólanum er sérstaklega mikið fyrir nemendur sem brjóta hefðbundin viðmið varðandi til dæmis kyntjáningu, kynhneigð, húðlit eða hlutverk. Viðmiðin eru byggð á þröngsýni og ef þú skerð þig úr á einhvern hátt er hættu á að þú lendir í viðkvæmri stöðu, segir Linn Bylund, yfirráðgjafi hjá norsku jafnréttismiðstöðinni KUN.

Þau reka verkefnið „Öruggir skólar“ í samvinnu við samtök í Svíþjóð, Finnlandi og Álandseyjum.

- Við sáum að það er mikið talað um normkrítík í menntaumhverfi allra landanna okkar, en í reynd er hún ekki stunduð svo mikið inni í skólanum og við stuðla að breytingum hvað það varðar, segir hún.

Nýjar kennsluáðferðir í þróun

„Öruggir skólar“ fékk styrk frá norræna jafnréttissjóðnum árið 2021. Í verkefninu eru kennsluáðferðir í normkrítísku starfi þróaðar og svo prófaðar í fjölda unglinga- og framhaldsskólum í hinum ýmsu löndum. Kennsluáðferðirnar eru ætlaðar nemendaráðum, skólastjórnendum og umboðsmönnum nemenda (sem rannsaka tilkynningar um brot í skólanum).

Linn Bylund telur að nemendaráðin geti gegnt mikilvægu hlutverki í normkrítísku starfi skólans þar sem fulltrúar nemendaráða hafi betri innsýn en skólastjórnendur í því sem gerist á milli nemenda.

- Til að takast það verkefni að gera skólann að öruggum stað fyrir alla verða raddir nemenda að fá að heyrast, segir hún.

Mikilvægt verkefni nemendaráða er, að hennar áliti, að varpa ljósi á þau viðmið sem einkenna skólann og hvaða hópar verða fyrir neikvæðum áhrifum. Til þess að geta sinnt þessu verkefni verða nemendaráðsfulltrúar að geta komið auga á eigin forréttindi.

- Ef allir sem sitja í nemendaráði eru hvítir þá er mögulega erfiðara að taka eftir því að það séu til dæmis kynþáttafordómar til staðar í skólanum.

Aðferðafræði verkefnisins „Öruggir skólar“ ætti að geta gefið leiðbeiningar um einmitt þessa tegund áskorana og gefið nemendaráðum góð ráð um hvernig þau geti sem best starfað á normkrítískan hátt.

- Ef þú vilt fá góða hugmynd um viðmiðin sem ríkja í skólanum þá gætirðu til dæmis sent út könnun til skólafélaga þinna.

„Skólastjórnir verða að hlusta“

Linn Bylund leggur áherslu á að forsenda þess að starf nemendaráða skili árangri sé að skólastjórnendur hlusti í raun og veru á þau.

- Það er ekki nóg að vera með sýndarmennskulýðræði fyrir nemendur heldur verða skólastjórnir virkilega að leggja við hlustir, segir hún.

Í verkefninu „Öruggir skólar“ sýndi það sig að mörgum nemendaráðum finnst erfitt að ná til skólastjórnenda. Því fylgir efninu líkan sem sýnir nemendaráðum hvernig best sé að háttá samskiptum þannig að ekki verði horft framhjá þeirra sjónarmiðum, eða þau afþökkuð eða þeim gleymt.

Linn Bylund telur einnig að það hafi kosti að starfa í sameiningu þvert á Norðurlöndin þegar við vinnum að betra skólaumhverfi.

- Við erum með svipuð skólakerfi og stöndum frammi fyrir svipuðum áskorunum í hinu normkrítíska starfi. Ég held að við getum hraðað breytingaferlinu með því að snúa bökkum saman í stað þess að vinna í sitthvoru horni.

Öruggir skólar – norræn aðferð í nemendaaðild og normkrítík

Úthlutunarár: 2021


Efnisflokkur: Börn og ungmenni, fræðsla

Styrkúthlutun: 498 170 DKK

Samstarfsaðilar:

- Likestillingscenteret KUN (NO)
- Ekvalita (FI)
- Elevernas Riksförbund (SE)
- Ålands feministparaply rf (AX)
- Elev og lærlingeombud i Trøndelag (NO)
- Finlandssvenska skolungdomsförbund (FI)

Upplýsingagjöf í kórónuveirufaraldrinum með tilliti til jafnréttissjónarmiða



ÍSLAND, SVÍÐJÓÐ, LETTLAND

Hversu vel tókst sænskum og íslenskum yfirvöldum að ná til farandverkakvanna í Covid-19 heimsfaraldrinum? Fékk hópurinn nægar upplýsingar um útbreiðslu smita og möguleika á bólusetningu? Þetta er efni norræn-baltteska verkefnisins „Kynbundið heilsumisrétti meðal farandverkakvanna í kórónuveirufaraldrinum og lýðheilsuviðbrögð á Norðurlöndum“.

Kveikjan að verkefninu er sú að það hefur sýnt sig að þeir hópar sem kórónuveirufaraldurinn hefur snert hvað mest er annars vegar fólk sem fætt er erlendis og hins vegar konur. Báðir hóparnir hafa greinst með covid-19 í meira mæli og virðast einnig verða fyrir meiri áhrifum af langtímaafleiðingum aðgerða yfirvalda. Meðal farandverkafólks hefur einnig mælst minni bólusetning og hlutfall dauðsfalla í þeim hópi er hátt samanborið við aðra hópa. Aðstæður farandverkakvanna í heimsfaraldrinum hafa lítið verið skoðaðar, segir Markus Meckl, umsjónarmaður verkefnisins og prófessor við Háskóla Íslands á Akureyri.

Hann telur að ein ástæða þess að bæði hópur farandverkafólks og hópur kvanna hafi orðið sérstaklega fyrir barðinu á heimsfaraldrinum sé sú að margir þessara hópa starfi í starfsgreinum þar sem ekki er hægt að komast hjá því að útsetja sig fyrir smiti.

- Ef þú vinnur við þrif, aðhlyningu eða í verksmiðju hefurðu ekki kost á því að vinna heima við, segir hann.

Lágt hlutfall bólusetninga og þröngbýli meðal farandverkafólks bendir hann einnig á sem aðrar skýringar á því að hópurinn varð illa úti í faraldrinum.

Lettneskir innflytjendur í brennidepli

Vísindamenn frá Íslandi, Svíþjóð og Lettlandi taka þátt í verkefninu sem nú stendur yfir. Vísindamennirnir skoða hversu vel upplýsingagjöf sænskra og íslenskra yfirvalda náðu til lettnesks farandverkafólks, og þá sérstaklega til farandverkakvenna. Ástæðan fyrir því að lettneskt farandfólk var skoðað sérstaklega er sú að hópurinn er tiltölulega stór bæði í Svíþjóð og á Íslandi.

Á meðan á verkefninu stendur munu rannsakendur taka viðtöl við lettneska farandverkafólk á Íslandi og í Svíþjóð en einnig við fólk sem býr í Lettlandi.

Við erum forvitin að vita hvort sýn farandverkafólks á covid-19 og bólusetningu endurspeglir ríkjandi viðhorf í heimalandinu, segir Markus Meckl.

Ef það er svo að farandverkafólk á krepputímum fái aðallega upplýsingar frá heimalöndum sínum, telur hann að það sé eitthvað sem norræn yfirvöld gætu þurft að hafa í huga við mótun kreppuupplýsinga og við val á upplýsingaleiðum.

Kreppuupplýsingagjöf skoðuð með jafnréttisglærum

Markus Meckl hefur trú á mikilvægi þess að skoða kreppuupplýsingagjöf með jafnréttisglærum. Á meðan verkefninu stendur munu hann og aðrir rannsakendur kanna hvaða þýðingu kyn hefur haft fyrir hvar farandverkafólk fékk sínar upplýsingar um útbreiðslu kórónaveirunnar og bólusetningarmöguleika.

– Við vitum ekki hvort sé kynjamunur þar, en okkur grunar það, segir Markus Meckl.

Hann telur að yfirvöld á Norðurlöndum þurfi að skoða hversu vel upplýsingagjöf þeirra náði til farandverkafólks í faraldrinum og ef í ljós kemur að löndin hafi leyst verkefnið misvel af hendi þá eru þar tækifæri til þess að læra hvert af öðru. Hann vonast til þess að verkefnið muni leggja til þekkingu til framtíðar.

– Covid er svo að segja liðin tíð, en í næstu kreppu er mikilvægt að ná til allra íbúa. Kannski er ekki nóg að bara þýða upplýsingarnar á mismunandi tungumál, meira gæti þurft til, segir hann.

Kynbundið heilsumisrétti meðal erlendra farandkvenna í kórónuveirufaraldrinum og lýðheilsuviðbrögð á Norðurlöndum

Úthlutunarár: 2022

Efnisflokkur: Jafnréttis- og velferðarstjórnsmál, heilsa

Styrkúthlutun: 500 000 DKK

Samstarfsaðilar verkefnis:

- Háskólinn á Akureyri (IS)
- Göteborgs universitet (SE)
- Riga Stradiņš University (LT)

nikk.no/nordiskjamstalledhetsfond

Um ritið

Tíu ára samstarf gegnum Norrænan jafnréttissjóð

Nord 2023:009

ISBN 978-92-893-7559-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-7560-3 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/nord2023-009>

© Norræna ráðherranefndin 2023

Myndskreytingar: Knud Andersen

Umbrot: Mette Agger Tang

Útgefið:

Nordisk information för kunskap om kön, NIKK, er samstarfsstofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina.

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflid í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur